

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 281/2021

frá 29. október 2021

**um breytingu á II. viðauka við EES-samninginn (Tæknilegar reglugerðir,
staðlar, prófanir og vottun)**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“),
einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/382 frá 3. mars 2021 um breytingu á viðaukunum við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 852/2004 um hollustuhætti sem varða matvæli að því er varðar stjórnun á fæðuofnæmisvöldum, endurúthlutun matvæla og matvælaöryggismenningu ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/686 frá 23. apríl 2021 um leyfi fyrir heilsufullyrðingu er varðar matvæli og vísar hvorki til minnkunar á sjúkdómsáhættu né til þroskunar eða heilbrigðis barna, og um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 432/2012 ⁽²⁾.
- 3) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um matvæli. Ákvæði löggjafar um matvæli skulu ekki gilda gagnvart Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtenstein, eins og fram kemur í inngangsorðum XII. kafla II. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að gilda gagnvart Liechtenstein.
- 4) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það,

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á XII. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

1. Eftirfarandi undirlið er bætt við lið 54zzzh (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 852/2004):

„– **32021 R 0382**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/382 frá 3. mars 2021 (Stjtið. ESB L 74, 4.3.2021, bls. 3).“

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 74, 4.3.2021, bls. 3.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 143, 27.4.2021, bls. 8.

2. Eftirfarandi undirlið er bætt við lið 54zzzzzp (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 432/2012):

„– **32021 R 0686**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/686 frá 23. apríl 2021 (Stjtið. ESB L 143, 27.4.2021, bls. 8).“

3. Eftirfarandi lið er bætt við á eftir 194. lið (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/670):

„195. **32021 R 0686**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/686 frá 23. apríl 2021 um leyfi fyrir heilsufullyrðingu er varðar matvæli og vísar hvorki til minnkunar á sjúkdómsáhættu né til þroskunar eða heilbrigðis barna og um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 432/2012 (Stjtið. ESB L 143, 27.4.2021, bls. 8).“

2. gr.

Texti reglugerðar (ESB) 2021/382 og framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2021/686, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, er gildur á íslensku og norsku.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 30. október 2021, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 29. október 2021.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Rolf Einar Fife

forseti.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.